

Borgarstjórn Reykjavíkur
4. febrúar 2025

Greinargerð með umræðu borgarfulltrúa Vinstri grænna um verðmætasköpun listamanna í höfuðborginni

Samkvæmt nýlegri greiningu um framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi, sem unnin var fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið, kemur í ljós að hver króna sem hið opinbera ver í menningu og skapandi greinar verður að þremur krónum í hagkerfinu. Þannig nemur óbein hlutdeild menningar og skapandi greina um 4,5% af landsframleiðslu Íslands sem er um 190 milljarðar króna. Það má því ætla að sama gildi um Reykjavíkurborg sem stendur fyrir margs konar og fjölbreyttri lista- og menningarstarfsemi, rekur listasöfn og leikhús, styrkir einyrkja og tónleikahald og svo má lengi telja. Það ætti enginn að geta dregið í efa framlag listamanna til samfélagsins og mannsandans en hvernig mætum við því markmiði að styðja enn frekar við listamenn sem vilja búa og starfa í Reykjavík og halda áfram að leggja sitt af mörkum til borgarbragsins, samfélagsins og verðmætasköpunar í víðum skilningi?